

FUNDARGERÐ - Stjórnarfundur ÍBA

3. apríl 2018, kl. 16.30 í Íþróttahöllinni.



Mættir: Helgi Rúnar Bragason, Inga Stella Pétursdóttir, Erlingur Kristjánsson, Hörður Sigurharðarson, Ármann Ketilsson, Geir Kristinn Aðalsteinsson, Þóra Leifsdóttir, Sonja Sif Jóhannsdóttir, Hrafnhildur Guðjónsdóttir.

Dagskrá fundar:

1. **Samþykkja fundargerð síðasta fundar, 5. mars sl.** Samþykkt.
2. **Fundargerð formannafundar, 7. mars sl.** Samþykkt.
3. **Undirbúningur Ársþing ÍBA, 25. apríl nk.**
 - a. **Ársreikningur ÍBA.** Samþykkt.
 - b. **Ársskýrsla ÍBA.** Í vinnslu.
 - c. **Dagskrá ársþings.** Í vinnslu.
 - d. **Fyrirlestur, hugmyndir?** Athuga með Magnús Orra Scram og/eða Önnu Soffíu Víkingisdóttir, Metoo-þema og siðareglur ÍBA.
 - e. **Velja úr veitingatilboðum.** Leitað eftir tilboðum frá fimm fyrirtækjum, fjögur svöruðu. Niðurstaða stjórnar, Matsmiðjan, kjúklingasúpa og sjávarréttasúpa.
4. **Bréf/tölvupóstur sem hafa borist:**
 - a. **Bréf frá laganefnd ÍSÍ ásamt bréfi BA um lögsókn og vantraustsyfirlýsingu á stjórn ÍBA.** Búið að funda með bæjarlögmanni, bæjarstjóra og Ellerti hvort ÍBA beri að neita félaginu um aðild að ÍBA í ljósi nýrrar íþróttastefnu ÍBA og Akureyrarbæjar. Niðurstaða er að Akureyrarbær og ÍBA hafa stefnu sem á að framfylgja að hver íþrótt skuli aðeins stunduð í einu íþróttafélagi að handbolta og fótbolta undanskyldu. Ytri aðstæður eru þær að iðkendur geta gengið inn í íþróttfélögin Akur og Eik.
 - b. **Bréf frá KFA um sameiningu við Íþróttafélagið Þór.** Erindi KFA samræmist nýrri íþróttastefnu ÍBA og Akureyrarbæjar um færri, stærri og faglegri íþróttafélög. ÍBA tekur því vel í erindið og bíður afgreiðslu íþróttafélagsins Þórs.
 - c. **Bréf frá Frístrundaráði um #metoo umræðu innan íþróttahreyfingarinnar.** Til kynningar.
5. **Önnur mál.**
 - a. **Fimak.** Rædd var rekstrarstaða Fimak og hvaða aðgerða gripið hafi verið til. Fundur með bæjarráði 5. Apríl nk.
 - b. **Grunnur að siðareglum ÍBA.** Tekið fyrir á ársþingi ÍBA.
 - c. **ISAVIA sjóður.** Í vinnslu.
 - d. **Heimasíðumál ÍBA.** Í skoðun.
 - e. **Undirskriftir stjórnar á prófkúru ÍBA.**

Fundið slitið kl 18:53, Hrafnhildur Guðjónsdóttir ritari.